

ar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 17/1917.

Gísli Hjálmarsson  
 gegn  
 Eyjúlfi Krákssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Eyjúlfiur Kráksson sjómaður, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni hér í bænnum, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af kaupum hans 212 kr. 25 a. ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður af kröfum stefnda, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 256,85 með 6% ársvöxtum í skaðabætur fyrir samningsrof og verkfall eða til vara skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati; svo krafðist hann þess að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagn-

sökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda kr. 193,33 með 5% ársvöxtum frá 3. desember 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málflytningum stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málflytningulaun 35 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi. Eyjúlfi Krákssyni hefir verið veitt gjafvörn fyrir yfirrétti og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 15. maí 1915, réðst stefndi, ásamt 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 70 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Átti áfrýjandi að greiða alt kaupgjaldið að frádregnu því, er hinn ráðni hafði fengið greitt upp í það á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli í

alla staði loforð sín og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fjótt og vel kalli.

Upp í kaup sitt 420 kr. taldi stefndi sér greitt kr. 207,75, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 212,25, höfðaði hann mál þetta eins og áður segir. Frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 4 daga, sem álitid var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 15,32 og vátryggingargjald kr. 3,60, sem áfrýjandi hafði greitt fyrir stefnda eða samtals kr. 18,92, og kemur út upphæð dómsins 193 kr. 33 aur.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfu stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 4 daga frá 12.—15. júlí. Telur áfrýjandi þetta svo mikið brot á ráðningarsamningnum, að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skilja svo ráðningarsamninginn 15. maí 1915. að með honum hafi verið ætlast til að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein samningsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi hér fyrir réttinum haldið

Því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en umrædda 4 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupum stefnda en hlutfallslegt kaup og fæðispeninga fyrir nefnda 4 daga, sem í undirrétti var dregið frá kaupum hans.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verkfalls stefnda og ánnara háseta um miðjan júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða í 4 daga, og hafi hann við það liðið tap, er honum telst til að hafi numið, að því er stefnda snertir, kr. 256,85 auk taps þess, sem hann hafi liðið við það, að landfólk hans hafi orðið vinnulaust vegna þessa tiltækis sjómanna um þann tíma, sem ekki var róið.

Stefndi hefir hins vegar mótmælt skaðbótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem þá hafi vanhagað um, og hafi verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti. Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af hásetunum farið með bátinum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og að reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni; hafi áfrýjandi þá orðið við kröfum sjómann-

anna, og þeir komið aftur daginn eftir til Sandgerðis, en þaðan gengu bátarnir til fiskiveiða; yfir höfuð neitar stefndi því að róðrar hafi lagst niður meir en 3 daga, og hann neitar því að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um sammingsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt upp í kaup þeirra fyrir en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera neitt annað en að stjórna vinnunni og að viðgerð á mótorbátnum, er fór til Reykjavíkur, hafi verið ónauðsynleg en aðeins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim, er stefndi var ráðinn á, frá 12.—15. júlí 1915, og virðist orsökkin til þess hafa verið missætti það, er kom upp milli sjómanna og áfrýjanda um það leyti er hann lét ráðsmann sinn í Sandgerði fara úr þjónustu sinni. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi hans virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa þá áfram í þjónustu sinni, eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykkt að borga þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum, og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því og meiru til. — Hvað stefnda

snertir er það auk þess ósannað, að hann hafi gert verkfall eða neitað að hlýða formanni sínum, og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá einnig af þeirri ástæðu ekki heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Það vottast að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson greiði málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-áðför.